



Menningarstyrkir Ísafjarðarbæjar

Skilmálar fyrir styrkhafa

1. Skuldbinding styrkþega

- 1.1. Með afhendingu umsóknar um menningarstyrki Ísafjarðarbæjar lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins eins og lýst er í umsókn.
- 1.2. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila reikningi, ásamt greinargerð, á úthlutunarári, ásamt því að hlíta skilmálum þessum, svo og [Reglum Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála](#).

2. Gildistími

- 2.1. Gildistími miðast við hvert fjárhagsár og skal styrkur nýttur á því ári sem honum er úthlutað.
- 2.2. Verkefni telst lokið þegar viðkomandi viðburður eða röð viðburða og/eða sýninga hefur farið fram.
- 2.3. Verkefni telst styrkthæft á viðkomandi úthlutunarári þó svo að verkefnið sé hafið eða því lokið þegar úthlutun styrkja fer fram.

3. Styrkhæfi

- 3.1. Styrkir eru aðeins veittir til einstakra viðburða eða raða viðburða sem eru almennt aðgengilegir öllum bæjarbúum.
- 3.2. Ekki eru veittir styrkir til rekstrarkostnaðar, stofnkostnaðar eða endurbóta eigna/fyrirtækja, náms eða ferða, né útgáfustarfs, nema í undantekningartilfellum.
- 3.3. Styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en helmingi alls kostnaðar verkefnis.
- 3.4. Hámarksstyrkur er 250.000 kr. nema bæjarstjórn ákveði annað í fjárhagsáætlun.

4. Skyldur styrkþega

- 4.1. Styrkþegi ber ábyrgð á að afla allra nauðsynlegra leyfa og heimilda vegna verkefnisins.
- 4.2. Í kynningarefni verkefnis skal koma skýrt fram að Ísafjarðarbær hafi stutt verkefnið, m.a. með nafngreiningu eða birtingu byggðarmerkis sveitarfélagsins.
- 4.3. Ef gera þarf verulegar breytingar á verkefninu (efni, umfang eða fjármögnun) skal óskað eftir skriflegu samþykki menningarmálanefndar áður en breytingar eru framkvæmdar.
- 4.4. Styrkþegi skal afhenda greinargerð um framkvæmd verkefnisins á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á vefsíðu Ísafjarðarbæjar eigi síðar en fyrir árslok úthlutunarárs. Greinargerð skal fylgja með rafrænum reikningi.
- 4.5. Greinargerðin skal innihalda upplýsingar um verkefnið, framkvæmd og fjárhag.

5. Tilkynning um styrk og greiðslufyrirkomulag

- 5.1. Styrkhafa er tilkynnt um úthlutun með rafrænum hætti, auk þess sem upplýsingar um styrkhafa er birtur á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.
- 5.2. Styrkur greiðist út að loknu verkefni þegar fullnægjandi greinargerð og rafrænn reikningur hafa borist.

- 5.3. Rafrænn reikningur, ásamt greinargerð, skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir áætlaðan greiðsludag.
- 5.4. Styrkir eru einungis greiddir á því ári sem þeir eru veittir.

6. Vanefndir

- 6.1. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að afturkalla styrk, rifta samningi og/eða krefjast endurgreiðslu ef:
- Forsendur styrkveitingar breyta.
 - Styrkþegi sinnir ekki skyldum sínum um greinargerð, kynningu eða framkvæmd verkefnis.
 - Gerðar eru verulegar breytingar á verkefninu án samþykkis.

7. Samskipti og tengiliður

- 7.1. Starfsmaður menningarmálanefndar annast samskipti við styrkþega fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Öll erindi, spurningar eða breytingar vegna verkefnis skulu beint til nefndarinnar skriflega.